

AUGLÝSING

um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skulu hækka um 10 af hundraði frá því sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verður lágmark bóta á dag svo sem hér segir:

Fyrir einhleypan mann kr. 26.40, fyrir kvæntan mann kr. 33.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 6.60. Hámark bóta á dag verður sem hér segir: Fyrir einhleypan mann kr. 57.20, fyrir kvæntan mann kr. 66.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 8.80.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkningar, sem urðu á árinu 1961, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breytingu á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 191 11. desember 1959, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1962.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um breytnig á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 12 480 000.00 miðað við smásöluverð.

2. gr.

1. málsg. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 480.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 40.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1962.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febr. 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 8 17. febrúar 1960.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1962.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.